

## FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**855. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 1. desember 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

### **Fundinn sátu:**

Stefán E. Böðvarsson, aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

### **Embættismenn:**

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

### **Fundarritari:**

Guðrún Ragnarsdóttir

### **Dagskrá:**

1. Viðræður við sviðsstjóra og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.
2. Stofnun vinnuhóps vegna væntanlegra krafna Óbyggðanefndar um land í fyrrum Bæjarhreppi.
3. Fundargerðir Menningarráðs Norðurlands vestra
4. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Bréf frá starfsmönnum leikskóla vegna bókkunar á 854. fundi byggðarráðs. lið 5.

### **Afgreiðslur:**

1. **Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs er mættur til fundar við byggðarráð.** Framleiðandi vatnsrennibrautar er væntanlegur 13. desember nk. til að setja hana upp, áhaldahússmenn og Tveir smiðir munu aðstoða við það. Búið er að leggja lagnir og tengja við laugarkar. Áætlun gerir ráð fyrir að hægt verði að opna rennibrautina þann 23. janúar nk. Lokunaráætlun vegna urðunarstaðar á Syðri-Kárastöðum er að verða tilbúin. Rætt um framkvæmdir við hitaveitu, byggingarleyfisgjöld, gæðastjórnunarkerfi byggingafultrúa ofl.
2. **Stofnun vinnuhóps vegna væntanlegra krafna Óbyggðanefndar um land í fyrrum Bæjarhreppi.** Sveitarfélagið tilnefnir einn fulltrúa í vinnuhópinn og Sjálfseignarstofnunin Hjarðhagi tilnefnir tvo. Fulltrúi sveitarfélagsins verður Gunnar Sæmundsson.
3. **Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra** frá 10. nóvember sl. lögð fram til kynningar.
4. **Fundargerð 822. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga** frá 21. nóvember sl. lögð fram til kynningar.
5. **Lagt fram bréf frá starfsmönnum leikskóla vegna bókkunar á 854. fundi byggðarráðs, lið 5.** Oddvita, sveitarstjóra og sviðsstjóra fjölskyldusviðs falið að ræða við bréfitara.

Guðrún Ragnarsdóttir vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:57

---

Stefán Böðvarsson

---

Elín R. Líndal

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Guðný Hrund Karlsdóttir

---

Guðrún Ragnarsdóttir